

# Fundur FFM 6.nóvember 2013 klukkan 16:30

Mættar voru: Bjarnfríður, Guðrún, Íris Dröfn, Jóhanna og Þórey. Fjarverandi Berglind, Hjörleifur og Guðrún Jóhanna

1. Rætt var um að breyta tímasetningu á jólaföndri og var ákveðið að endanleg dagsetning væri **5. desember klukkan 17:00 – 19:00**. Ákveðið að var að stjórnarmenn myndu mæta klukkutíma fyrr. Jóhanna mun sjá um að kaupa efni og Bjarnfríður mun sjá um að uppfæra auglýsingu og koma á framfæri.
2. Rætt var um opinn fund FFGÍR 13.nóvember klukkan 20:00 í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þar mun Lovísa Hafsteinsdóttir segja frá Flott án fíknar verkefninu. Halldóra Hreinsdóttir mun kynna Ég og þú, þú og ég verkefnið og Anna Lóa Óafsdóttir mun fjalla um samskipti.
3. Farið var yfir atriði fyrir fund með bekkjafulltrúum. Ákveðið var að ræða um að skynsamlegt væri að allir bekkir væru með facebook síðu og leggja til að allir bekkjafulltrúar myndu vera með viðburð í það minnsta 2 sinnum yfir skólárið.
4. Stefnt er að því að fyrirlestur um sjálfstyrkingu fyrir miðstig og fyrirlestur um forvarnir gegn fíkniefnum fyrir elstasti stig verði haldnir í febrúar. Einnig er stefnt að því að verkefnið ég og þú, þú og ég verði fyrir yngsta stig í byrjun mars.

Fundi slitið þegar bekkjafulltrúar mættu á fund klukkan 17:30

Fundargerð ritaði Bjarnfríður